

Nd.

134. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Frá Pétri Ottesen.

Á eftir 3. gr. frumvarpsins kemur ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Á eftir 84. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 85. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan á eftir samkvæmt því:

1. Nú hefir einhver sá, sem veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana með öllu fyrir þá sök, að ákvæði laganna fyrirmuna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann mátti áður einni við koma, og skal hann þá eiga kröfu til skaðabóta eftir mati (sbr. 83. gr.).

2. Skaðabætur þær, er hér um getur, skal greiða úr rikissjóði.